

20.1.2021

## Frumvarp laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Umsögn- frumvarp til laga- frá mennta- og lýðheilsusviði og fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar

Vísað er í fyrri umsögn sem Hafnarfjarðarbær sendi frá sér í júní 2020

### Stuðningsteymi

Fram kemur í 22. gr. laganna að málstjóri skuli stofna stuðningsteymi og í 21 gr. kemur fram að hann eigi að leiða stuðningsteymi. Í Hafnarfirði höfum við verið að samræma hlutverk stuðningsteymis allra leik og grunnskóla og málstjórar hjá báðum sviðum. Einnig höfum við verið að skilgreinina hverjir eiga að vera teymisstjórar, hlutverk málstjóra, og búa til sameiginlegt fundargerðarform fyrir stuðningsteymi.

Í þessari vinnu hefur verið lögð áhersla á að sá sem leiðir stuðningsteymið, sé alltaf starfsmaður skóla, geti verið tengiliður sbr. 17 gr. frumvarpsins. Sá sem leiðir stuðningsteymið getur verið umsjónarkennari, deildarstjóri eða annar sem þekkir barnið vel. Mikilvægt er að tengiliður á stigi 1 eða sá sem leiðir stuðningsteymið fylgi eftir og geti séð til þess að þau úrræði sem virkjuð hafa verið innan skóla séu framkvæmd og veitt eftirfylgd áður en málinu er vísað á stig 2. Þó svo að búið sé að vísa málinu yfir á stig 2 og málstjóri er kominn inn í málið, er mikilvægt að tengiliður og annað starfsfólk skóla viðhaldi áfram einstaklingsmiðuðum úrræðum innan skólans.

Það er einnig mikilvægt að starfsfólk skóla leiði stuðningsteymið þar sem þeir eru með barninu allan daginn, en málstjóri sem vinnur á stigi 2 kemur og fer úr teyminu eftir því hvort málið sé í vinnslu eða ekki.

Þeir sem sitja fast í stuðningsteymi eru þessir aðilar ásamt foreldri og barni, hafi það aldur og þroska til þess. Málstjóri frá fjölskyldu - og barnamálasviði eða mennta- og lýðheilsusviði, sem og aðilar frá þriðju línuþjónustu eru kallaðir inn eftir þörfum, og eru alltaf tímabundið í málum, á meðan málið er opið eða er í vinnslu.

Við hjá Hafnarfjarðarbæ leggjum til að orðalaginu í frumvarpi verður breytt í 21. Og 22. gr verði breytt orð lag í frumvarpinu þannig að ef verið er að vinna málið á 1. stigi geti þá starfsmaður skólans leitt teymið og það breyst ef málið verður fært yfir á 2. stig.

### Einnig er bent á:

- Mikilvægt er að skólasamfélagið sé sýnilegra í frumvarpinu og sé meiri þátttakandi í mótun frumvarpsins. Nauðsynlegt er að hlutverk skólanna sé skýrara í frumvarpinu, varðandi 1. stigs vinnuna og nýtingu þeirra úrræða sem skólinn hefur yfir að ráða. Með því er búið að skýra betur hvaða stuðning skólasamfélagið hefur virkjað áður en málinu er vísað áfram á 2. stig.

Jafnframt skal bent á það að huga þarf að skýra ábyrgð ríkis og sveitarfélaga hvað varðar vistun barna utan heimilis, úrræðaleyfi Barnaverndarstofu og mikilvægi þess að

Nauðsynlegt fyrir sveitafélög að fá skilgreiningu á því hvernig fjármagninu er dreift

Við hjá Hafnarfjarðarbæ fögnum frumvarpinu og höfum síðastliðin tæp 5 ár unnið að útfærslu og mótun á verklagi Brúarinnar sem er í anda frumvarpsins.

Mikilvægt að halda stöðugt á lofti nýtingu gagnreyndra aðferða í skólunum og úrræða skóla- og fjölskylduþjónustu í vörðu 2

Með kveðju

Sviðstjórar

Mennta- og lýðheilsusviðs Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Fjölskyldu- og barnamálasviðs, Rannveig Einarsdóttir.